

# ELDGOSIÐ ORÐIÐ SÖLUVARA

alþýðu  
blaðið

Miðvikudagur 31. jan. 54. ARG.  
25. TBL.

## Tjærborgarpresturinn skipuleggur hópferðir

Þá er komið að því sem ýmsa grunaði: Eldgosið í Heimaey er orðið að söluvöru á ferðamála- markaðinum — og á morgun hefjast flugferðir danskrar ferðaskrifstofu, Sterling Airways, frá Danmörku til Heimaeyjar.

Þessi fyrsta ferð er reyndar farin að tilhlutan Braun Electric myndavéla framleiðandans — og það verða myndavörucupmenn, sem aðallega sitja í vélinni. Að launum lofa þeir að selja Braun vörur.

Sterling Airways er í eigu Tjærborgarprestisins.

STÁLU  
170 ÞÚS. Í  
ÓLÆSTRI  
ÍBÚÐ

Fjórir afbrotamenn brutust inn í einbýlishús hér í bæ eina nóttina fyrir helgi, og stálu þaðan 160 til 170 þúsund krónur í beinhörvum peningum á meðan íbúar hússins voru í svefni. Eignandi peninganna varð var við þjófnaðinn strax um morguninn, og strax um hádegi hafði lögreglan haft upp á tveim þjófanna, og síðar náðust hinir.

Höfði þeir ekki haft svigrúm til að eyða peningunum og gátu því skilað meirihlutunum aftur. Þjófarnir fóru inn um ólæstar svaladyr, og vill lögreglan enn einu sinni brýna það fyrir fólki að skilja ekkert eftir ólæst, þar sem þessir þjófar ganga stöðugt lengra í biræfni sinni. Ennfremur vill lögreglan benda fólki á að geyma peninga sína í banka, enda eru bankar hvergi langt undan í borginni. —

Er forsætisráðherra að fara með fleipur?

# Stjórnin hefur enn ekki viljað ræða við Bandaríkjamenn

Orð forsætisráðherra á Alþingi í fyrradag hafa óneitanlega vakið undrun margra Vestmannaeyinga og annarra, er til mála þekktja — og er blaðinu kunnugt um að ríkisstjórnin hefur ekki óskað neinna viðræðna um efnahagsaðstoð þá, sem Bandaríkin hafa boðið.

Sama dag og gosið í Vestmannaeyjum hófst tilkynnti Bandaríska sendiráðið í Reykjavík ríkisstjórninni, að frambúar efnahagsaðstoð væri fyrirbyggjandi, ef hennar yrði óskað. Þetta gerðist samtími því, að sendiráðið tilkynnti gjöf úr sérstökum sjóði, sem það hefur til umráða, kr. 2.4 milljónir.

Ofangreint sagði Hörður

Bjarnason hjá Upplýsingaþjónustu Bandaríkjanna á Íslandi. Sagði hann, að ljóst hefði verið, að þetta framlag var alger bráðabirgðavottur samúðar og góðs vilja.

Kvað hann íslenzku ríkisstjórnina síðar hafa bent sendiráðinu á, að afhenda áður nefnda gjöf til Rauða kross Íslands, en engar óskir látið uppi um viðræð-


ur um þá frambúar efnahagsaðstoð, sem boðin var.

„Skattlagning fyrst og fremst“

Undir fyrirsögninni Ísland ætla sjálf að leysa vandamálin sín, segir norskra blaðið Handels- og Sjöfartstidende frá 26. m.a. eftir Synnes, ráðuneytisstjóra í norska forsætisráðuneytinu: Íslend-

ingar ætla með sérstakri skattlagningu að afla fjár til að ráða við ástandið og þeir leggja áherslu á að móta sterka þjóðernislega samstöðu í þessu máli. En eins og sakir standa eru þær aðgerðir (sameiginlegar hjálparaðgerðir hinna Norðurlandanna) ekki tímabærar.

Blaðið segir ennfremur: Það hefur verið samband milli ríkisstjórna Norðurlandanna um hugsanlega hjálpar Íslendinga til handa, en af Íslands hálfu hefur verið gefið í skyn, að fyrst í stað sé ekki óskað eftir neinum hjálparaðgerðum erlendis frá. —



Eftir-  
sóknar-  
vert?

Það er glæsilegt að reykja — stöð undir þessari mynd á ensku veggplakati og Krabbameinsfélagið hefur nú gefið þetta plakati út með textanum Glæsilegt er það.

En það er fleira en útlitið, sem lætur á sjá af völdum reykjanga. Flestir vita orðið um áhrif reykjanga á lungun — og nú hefur verið sönnuð skaðsemi reykjanga verðandi mæðra á föstur.

Og það er reyndar sitt-hvað fleira, sem er sífellt að koma í ljós varðandi reykjanga — það nýjasta er að finna í grein um norskansóknir.

Þær rannsóknir leiða í ljós að reykjanga færast mjög í vöxt meðal kvenfólks.

2. Síða

BJÖRN  
EKKI  
MED

Enn hefur miðstjórn Alþýðusambands Íslands ekki fjallað um þær hugmyndir ríkisstjórnarinnar, að kauphækkunin í marz komi ekki til framkvæmda eins og ráðgjafi er í hjarta-samningnum vegna efnahagsáfallanna í kjölfar eilgossins í Vestmannaeyjum.

Hins vegar mun ríkisstjórnin hafa rætt málið við Björn Jónsson, forseta Alþýðusambands Íslands, og hefur Alþýðublaðið hérað, að hann hafi tekið mjög illa í þessa hugmynd ríkisstjórnarinnar.

STUND  
MILLI  
STRÍÐA

Það var „stund milli stríða“ hjá þessum slökkviliðsmönnum í Vestmannaeyjum á sunnudaginn. Annars hefur varla verið mikill tími aflögu hjá þeim frekar en öðrum, sem vinna við björgunars törf í Eyjum, — undanfarið hefur sífellt verið að kvikna í húsum vegna hraunsletta, en fyrir snarræði þessara stakklæddu manna hefur víða tekið að bjarga þeim frá stór skemmdum.



247  
ÍBÚDIR  
LAUSAR

Rauða krossi Íslands höfðu síðdegis í ger borizt tilkynningar um 247 lausa íverustaði, þ.e. íbúdir af mismunandi stærðum og herbergi, víðs vegar á landinu, sem standa óþnir Vestmannaeyingum, sem orðið hafa að flylja heimili sín vegna náttúruhamfaranna í Heimaey.

Þá höfðu í ger safnast samtals 17.4 milljónir króna í söfnun Rauða krossins til aðstoðar bágstöddum Vestmannaeyingum. —

SMJÖR-  
FJALLIÐ  
HNEIG

Smjörfjallið margfræga minnkaði nokkuð á síðasta ári, eða nákvæmlega um 56 lestrir. Nam það í árslok 511 lestrum, en var í byrjun árs 1972 samtals 567 lestrir. Er um að ræða birgðir allra mjólkurbúna landsins.

Þessar upplýsingar er að finna í nýutkomnum Sambandsfréttum. Þar segir einnig að birgðir af osti hafi minnkað töluvert á árinu, aðallega 30% af osti. Námu birgðirnar af þeim osti í árslok 187 lestrum, og birgðir af 45% osti námu 249 lestrum.

# Pompei - Heimaeý

Verða það örlög Vestmannaeyja að verða eins konar Pompei Íslands, ferðamannatekjulind. Þessari spurningu hafa nokkur erlend blöð velt fyrir sér og í danska blaðinu BT í fyrradag er það haft eftir talsmönnum Flugfélags Íslands og Loftleiða að þegar frá líður muni félögin gefa

farþegum sínum kost á að fljúga yfir Heimaeý Borgin Pompei, við rætur Vesúvíusar, hefur á undanförunum árum verið grafin úr rústum — og er því verki enn ekki lokið. Þangað leitar stöðugt straumur ferðamanna til að skoða minjar Rómaveldis hins forna.



Íslenskur ferðamannahópur í rústum Pompei. Fáum við í framtíðinni svipaða hópa til Heimaeýjar erlendis frá?

# Þrær að fyllast á Austfjörðum

## LOÐNAN

Loðnuveiði hefur verið mikil á miðunum við Hvalbak undanfarna daga. Er nú svo komið, að þrær eru orðnar fullar á mörgum verstöðvum á Austfjörðum, enda þróarrými víðast hvar litit og sólarhringsafköst sumra verksmiðja ekki meiri en nema afla eins loðnuskips.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem blaðið hefur aflað sér, er heildarloðnuafinn kominn vel yfir 20 þúsund lestin. Veiðiskipin eru orin um 50 talsins.

Í fyrrinótt var töluverð loðnu-

veiði í nánd við Hvalbak, en erfið reyndist að afla nákvæmra upp-

lýsinga um veiðina, því leitar skipið Arni Friðriksson er komið til Reykjavíkur, og verður þar allra næstu daga, en heldur síðan á miðin að nýju. A Neskaupstað fékk blaðið þær upplýsingar í gær, að skipin hefðu þá um daginn komið til Neskaupstaðar og fleiri hafna Austanlands með afla. Var allt þróarrými orðið fullt á Neskaupstað, sem og öðrum Austfjarða-höfnum.

## EYJASKIPSTJÓRAR

# SIGLA INN Í HÖFNINA Á EIGIN ÁBYRGÐ

Nær allir Vestmannaeyjabátar hafa verið í stöðugum á siglingum á milli lands og Eyja síðan gosið hófst fyrir viku, og hafa þeir bjargað hundruð milljóna verðmætum, án þess að hægt sé að kasta neinni fastri tölu á þátt þeirra í björgunarstörfunum.

Þetta starf vinna formennirnir á eigin ábyrgð því samkvæmt tilkynningu, sem send var út að

morgni þess 23. fara þeir um höfnina í Vestmannaeyjum á eigin ábyrgð og eru því væntanlega ótryggðir ef eitthvað hendir þá þar.

Sjómennirnir láta það þó ekki á sig fá og halda áfram látlausum flutningum. Einkum flytja þeir búslóðir, en einnig hafa þeir flutt mikið magn veiðafæra, en sem dæmi um verðmæti þeirra, kostar ein loðnunót fleiri milljónir króna.

## Þetta köllum við RAUSN!

Fjársöfnun til handa Vestmannaeyjum fór fram í Skútustaðahreppi um helgina. Söfnuðust samtals 1,2 milljónir króna, en hreppnefndin lagði fram 500 þúsund krónur af þessari upphæð. Upphæðin, sem safnaðist í Skútustaðahreppi, svarar til þess, að hvert mannsbarn í hreppnum hafi lagt til 2.400 krónur. Upphæðin var afhent bjarstjórn Vestmannaeyja í gærdag.

# GEÐVEILA TRÚLEGA SKÝRINGIN

## Ný geðrannsókn á Haraldi

Nokkuð stór hópur fólks er haldið svonefndri geðveilu, sem kemur m.a. fram í skorti á ábyrgðartilfinningu, rótleysi og fjölda smáafbrotá. Að sögn Gríms Magnússonar geðlæknis eru flestir svonefndir sibrotamenn haldnir þessum kvilla, sem ekki má þó telja geðveiki. En þar sem þetta fólk flokkast ekki undir geðsjúklinga eyðir margur þeirra ævi sinni meira og minna í það að afplána dóma en fá enga lækningu. Löggjafinn skoðar þá nefnilega sakhæfa og ábyrga gerða sinna.

Grímur Magnússon hafði til geðrannsóknar fyrir nokkrum árum Harald Ólafsson, — skotmanninn úr Breiðholti —, og að því er hann tjáði Alþýðublaðinu í gær varð niðurstaðan sú, að hann var dæmdur sakhæfur. Sjálfur sagðist Grímur hins vegar hafa talið manninn geðveilan og þurfa á vist að halda í stofnun fyrir slíkt fólk. Hefði sú stofnun verið fyrir hendi væru nokkrar líkur á því, að komið hefði verið í veg fyrir þennan hryggilega atburð í Breiðholti, þegar Haraldur ógnaði lífi fjölda manns með skotvopni og særði einn illa.

Ekki vildi Grímur segja um það, hvort Haraldur hafi verið ábyrgur gerða sinna er hann framdi verknáðinn í Breiðholti,

hann gæti verið dæmdur ósakhæfur nú þótt hann hafi verið talinn sakhæfur fyrir nokkrum árum.

Að sögn Þórdar Möller, yfir-læknis á Kleppi, er geðrannsókn á Haraldi ekki hafin, en það verði alveg á næstunni.

## STYRKUR

Hreppnefnd Ólafsvíkur-hrepps samþykkti fyrir stuttu, að senda bjarstjórn Vestmannaeyja krónur 300.000 til styrktar bæjarsjóði Vestmannaeyja. Jafnframt sendir bjarstjórnin öllum Vestmannaeyjum, svo og bjarstjórn Vestmannaeyja, hugheilar samúðarkveðjur vegna þeirra válega náttúruhamfara, sem dunið hafa yfir eyjarnar.

## HEITA AÐSTOÐ

Danskir, finnskir, norskir, og sænskir þingmenn, saman komnir í Helsingfors vegna ráðstefnu Alþjóðþingmanna-sambandsins um samstarfs- og öryggismál Evrópu, sendu nýlega Eysteini Jónssyni forseta sameinaðs þings bréf, þar sem þeir láta í ljós samúð sína með hinum mörgu Íslendingum, sem hafa orðið fyrir þungu áfalli vegna eldgossins í Eyjum. Jafnframt segir í bréfinu, að þeir muni vinna að því hjá ríkisstjórnnum landa sinna, að Íslendingum verði veitt sú aðstoð sem þörf reynist á, til að byggja upp aftur og bæta fjárhagslegt tjón.

Eysteinn Jónsson hefur nú sent svarskeyti, þar sem segir, að hann þakki innilega samúðarskeyti þeirra vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum og fyrirheit þeirra um að vinna að stuðningi við uppbyggingu og lausn efnahagsvandans.

# ÁTTU ÍSLENDINGAR AÐ MÆTA Í HAAG?

Talsverðar deilur hafa spunnist um afstöðu Íslendinga til Alþjóðadómstólsins í Haag. En það eru ekki allir jafnkunnir hinni laga-legu hlið málsins. Orator, félag laganema við H.I. mun í þessu sambandi, gangast fyrir almennum fundi um lögræðileg atriði, er snerta afskipti Alþjóðadómstólsins í Haag af útfærslu landhelginnar.

Fundurinn verður haldinn miðvikudaginn 31. janúar í Atthagasal Hotel Sögu og hefst kl. 20.30. Frummælendur á fundinum verða dr. Gunnar Thoroddsen, professor og Sigurður Gizurarson, lögræðingur.

Vörumarkaðurinn hf.  
Ármóla 1A - Reykjavík - S. 86 111

## SPARI-KORT

KR. 900,- Heimilur vörúttekt fyrir

KR. 1000,- á einingarverði í hreinlætis- og matvörum.

INNLAGT KR. 1.000.00

Úttekt kr. \_\_\_\_\_ Eftirst. kr. \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Sýnishorn af SPARI-KORTI

EINKAUMBOD FYRIR

**Electrolux**

HEIMILISTÆKI

## Um sparikortin

Þau veita yður 10% afslátt þannig:

- Þér kaupið kort á 900 kr., en megið verla fyrir 1.000 kr.
  - Ef þér verlið fyrir minna en 1.000 kr., þá ritar afgreiðslumaður innstæðu yðar á kortið.
  - Þannig getið þér verlað eins litit og yður hentar í hvert skipti.
  - Þegar þér hafið verlað fyrir 1.000 kr. (1 kort, sem kostar 900 kr.) kaupið þér nýtt kort.
  - Örfáar vörutegundir í stórum pakningum fara ekki inn á sparikortin t.d. hveiti og sykurlíki, ávextir í kóssum, W.C. pappír í pokum og þvottaefni í stórum umbúðum. Þessar vörutegundir eru strax reiknaðar á sparikortaverði.
  - SPARIKORTIN gilda á 1. hæð, þ.e. í matvörudeild. (Þau gilda einnig á hinum árlega jólamarkaði.)
- Athugið að allar vörur eru verðmerktar án afsláttar.

NOTIÐ SPARIKORTIN GERIÐ VERÐSAMANBURÐ

Vörumarkaðurinn hf.  
Ármóla 1A - Reykjavík

Matvörudeild Sími 86-111  
Húsgagna- og gjafavörudeild 86-112  
Vefnaðarvörur og heimilistækjudeild 86-113  
Skrifstofa 86-114

# HÁSKÓLABÍÓ Í KVÖLD...

## STÓRSKEMMTUN Í KVÖLD KL. 9 TIL STYRKAR VESTMANNAEYINGUM

### Skemmtikraftar kvöldsins:

- |                               |                        |                      |
|-------------------------------|------------------------|----------------------|
| 1. Lítið eitt                 | 6. Náttúra             | 10. Gísli og Júlíus  |
| 2. Þorvaldur Halldórsson      | 7. Guðrún Á. Símonar   | 11. Ómar Ragnarsson  |
| 3. Jörundur og Jón Gunnlaugs. | 8. Guðbergur Auðunsson | 12. Haukur Snorrason |
| 4. Kristín Lilliehdahl        | 9. María Llerena       | 13. Jónas og Einar   |
| 5. Ríó tríó                   |                        |                      |

### Gestir kvöldsins:

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn og frú.

Borgarstjóri, hr. Birgir Ísl. Gunnarsson.

Biskup Íslands, hr. Sigurbjörn Einarsson.

Will Perry, almennavarnasérfræðingur Sameinuðu þjóðanna

### MIDASALA:

Bókaverzlun Lárusar Blöndal, Bókaverzlun Ísafoldar, Pennanum í Hafnarstræti og við innganginn

## ÖLL VINNA GEFIN

## FRAMHÖLDFRAMHÖLDFRAMHÖLDFRAMHÖLDFRAM

### Húsnæðismálið 12

eru á þannig að Vestmannaeyingar eigi kost á að fá íbúðirnar til afnota.

Varnamálanefnd fól þriggja manna nefnd til að fjalla frekar um málið og eiga viðræður við yfirmenn varnarlögsins á Keflavíkurflugvelli. Fór fyrsti fundurinn fram í gær.

Jóhann Einvarðsson, bæjarstjóri í Keflavík, sagði í samtali við Alþýðublaðið síðdegis í gær: „Ég get ímyndað mér, að beðnir Vestmannaeyinga um húsnæði á þessu svæði, þ.e. aðallega í Keflavík, Njarðvík og Sandgerði, séu orðnar um hálf túsund hundrað. Eg geri ráð fyrir, að það sé búið að leysa húsnæðisvandræði um 50 fjölskyldna frá Vestmannaeyjum hér á Suðurnesjum en þetta er að sjálfsögðu mismunandi gott húsnæði.“

### Reykingar

2

tekið upp pípureykingar eða vindlareykingar og 4 prósent þeirra hafa brugðist við hættu á heilsutjóni með öðrum hætti. Vardandi viðhorf þessa fólks til barna sinna virðist sem hinir fullorönu dragi ekki til fulls réttar ályktanir af þekkingu sinni né heldur komi fram af fullri ábyrgðartilfinningu. Aðeins 58 prósent kvenna og 53 prósent karlmannna hyggjast ráða börnum sínum frá reykingum á árinu 1972, þar sem aftur á móti 62 prósent kvenna og 55 prósent karla hugðust gera það 1970.

„Mikið svælt“.

Þessari grein skal lokið með því að greina frá svörum er bárust við spurningum, sem fram voru bornar í kjölfar herferðar Norska sjónvarpsins gegn reykingum, er fram fór árið 1971 og bar ofangreint nafn. 546 konur, eða 66% svörðu að þær hefðu séð sjónvarpsdagskrána en 533 karlar, eða 65% svörðu því til að þær hefðu séð dagskrána. Af þessu fólki sögðust 11 konur og 15 karlar hafa reynt að hætta reykingum í kjölfar dagskrárinnar og af þeim hafði 4 konum og 6 körlum

tekið það.

Í framhaldi af þessu hefur Krabbameinsvarnartíðningur Noregs ákveðið að hvetja norskar konur til hins ítrasta að láta af reykingum og hvetja sömu-leiðis norska karlmenn til að stemma stigu við reykingum sín

í meðal. Segir félagið að sigarettureykingar séu almennt mjög skadlegar heilsu manna og séu meðal annars helsta orsök eins tíðasta og alvarlegasta sjúkdómsins, sem nú sé fyrir hendi: lungnakrabbameinsins.

## Nýkomið frá Schaffhauser

MOHAIR-garn, tizkulitir.  
SALVATORE- handprjónagarn, 50 litir.  
LIVIA- véla- og handprjónagarn.  
MON-AMOUR, babygarn.  
Gjörrið svo vel að lita inn.

Verzlunin HOF,  
Þinghóltsstræti 1.

## FRÁ B.S.A.B.

Þeir félagsmenn sem vilja koma til greina við sölu eldri íbúða hjá félaginu, á tímabilinu 31. jan. — 30. júní 1973 eru beðnir að láta skrá sig á skrifstofu félagsins Síðumúla 34, sími: 33699, hvenær sem þeir óska á ofangreindu tímabili, en þó helst sem fyrst.

BSAB Síðumúla 34.  
Sími: 33699.

## „SÓLARKAFFI“ ARNFIRÐINGA

verður að Hótel Borg sunnudaginn 4. febrúar kl. 20,00

Skemmtiatriði.

Sala aðgöngumíða fer fram í anddyri hótelsins frá kl. 16,00 og borð verða tekin frá milli kl. 16,00 og 18,00 sama dag.

Mætum vel og stundvíslega.

NEFNDIN.

## SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Fyrstu tónleikar síðara misseris verða í Háskólabíói 8. febrúar. Stjórnandi Miklos Erdélyi, einleikari Robert Aitken.

Flutt verður Sinfónía nr. 5 eftir Schubert, flautukonsert eftir Atla Heimi Sveinsson (frumflutningur) og Sinfónía nr. 2 eftir Brahms.

Endurnýjun áskriftarskrifteina óskast tilkynnt nú þegar. Sala fer fram á skrifstofunni á Laugaveg 3, III.hæð, sími 22260.



## ÚTBOD

Tilboð óskast í smíði á 1000 sorplátum fyrir Hreinsunardeild Reykjavíkurborgar.

Útbóðsgögn eru afhent í skrifstofu vorri.

Tilboðin verða opnuð þriðjudaginn 20. febrúar n.k. kl. 11.00

## INNKAUPASTOFNUN REYKJAVÍKURBORGAR

Frikkirkjuvegi 3 — Sími 25800

## Laus staða

Staða framkvæmdastjóra Djúpbátsins hf. á Ísafirði er laus til umsóknar.

Upplýsingar veittar í síma (94) 3155.

Umsóknir ásamt upplýsingum um fyrri störf skulu sendar undirrituðum fyrir 20. febrúar nk.

Stjórn Djúpbátsins hf., Ísafirði.

## Volkswageneigendur

Höfum fyrirbyggjandi: Bretti — Hurðir — Vélarlok — Geymslulok á Volkswagen í allflestum litum. Skiptum á einum degi með dagsfyrirvara fyrir ákveðið verð. Reynið viðskiptin.

Bílasprautun Gardars Sigmundssonar  
Skiptiholti 25. Símar 19099 og 20988.

## ALMENNUR FUNDUR

um húsnæðismál og félagslega aðstöðu í Breiðholtshverfum, verður haldinn í hátíðasal Breiðholtsskóla fimmtudaginn 1. febrúar og hefst kl. 8,30.

Á fundinum mun borgarverkfræðingur, Þórður Þorbjarnarson, gera grein fyrir skipulagi og svara fyrirspurnum.

Safnaðarnefnd.





DÓMARAR-FRÉTTAMENN

# ÓMAR ER TROMPIÐ!

I leikhleji pressulíðsins í kvöld fer fram leikur sem margir hafa óskað eftir, nefnilega leikur milli dómara og íþróttafréttamanna. Er ekki vonum seinna að komið sé á leik milli þessara tveggja hópa, sem óumdeilanlega hafa mest vit á íþróttum. Vegna tómaskorts (íllar tungur segja vegna skorts á úthaldi), verður reynt að hafa leikinn ekki of langan.

Búið er að velja liðin, og verða þau skipuð þessum leikmönnum. Fyrst er það dómaramennir:

Kristófer Magnússon, Einar Hjartarson, Hannes Þ. Sigurðsson, Valur Benediktsson, Magnús V. Pétursson, Óli Olsen, Karl Jóhannsson, Björn Kristjánsson, Ingvar Viktorsson, Sveinn Kristjánsson.

Óg íþróttafréttamenn: Omar Ragnarsson, (Sjónvarp) Alfréd Þorsteinsson, (Tíminn) Steinar J. Lúðvíksson, (Morgunblaðið) Jón Asgeirsson, (Útvarp) Hallur Simonarson, (Vísir) Sigurdór Sigurdósson, (Þjóðviljinn) Sigtryggur Sigtryggsson, (Alþýðublaðið) Sigmundur Steinarsson, (Tíminn) Agust Jónsson (Mbl.) Jón B. Pétursson, (Vísir) Vilhelm G. Kristinsson (Útvarp).

Eins og af upptalningunni sést, eru þetta mjög öflug lið. Dómarar eru með margfalda landsliðsmenn í brotti fylkingar, þá Karl Jóhannsson og Kristófer Magnússon. Lítið er um slíka kappi á liði íþróttafréttamanna, en þeir eru þó ekki bangnir. Í fararbroddi þeirra verður Jón Asgeirsson, en leynivopnið verður Omar Ragnarsson, sem svo sannarlega á eftir að koma á óvart í kvöld.

Þess má geta strax, svo fólkí bregði ekki við er liðin hlaupa inn á völlum í kvöld, að íþróttafréttamenn leika í náttfötum, en dómaramenn klæðast að sjálfsgögu sínum svörtu búningum, sem þeir venjulega bera við dómgaestlustörf sín —SS.



Omar Ragnarsson verður leynivopni íþróttafréttamanna í baráttunni við dómara í Laugardalshöll í kvöld.

# FRAM VANN SIGUR

Framar unnu Hauka 16:14 á mánudagskvöldið í heldur bragðdaufum leik í 1. deild. Það var aðeins í síðari hálfleik sem eitthvert líf færðist í leikinn, eða á þeim tíma er Framar missu fjögurra marka forystu niður í jafntefli. En þá kom sprettur hjá Fram sem tryggði nauman en verðskuldaðan sigur.

Mestu munandi um það hjá Fram, að Björgvin Björgvinsson lék ekki með. Þar með vantaði broddinn í sóknaradgerðir, og auk þess sterkan mann í vörn. En félagi hans Axel Axelsson bjargaði því sem bjargað varð í sókninni, og gerði 8 falleg mörk.

Í lið Hauka vantaði einnig nokkra sterka leikmenn, og auk þess meiddust þeir Þórður og Stefán í leiknum. Var það einkum bagalegt fyrir þá Hauka að missa Stefán út af, því hann hafði loksins sýnt glampa af sínu gamla formi, í fyrsta sinn í mótinu. Ólafur Ólafsson skoraði að vanda flest mörk Haukana, 4 talsins —SS.

## — og í pressunni eru trompin mörg!

Aðalleikurinn í kvöld verður að sjálfsgögu sjálfur pressuleikurinn. Hann hefst stundvíslega klukkan 20.15, eða strax og forleiknum er lokið. Íþróttafréttamenn binda að sjálfsgögu miklar vonir við lið sitt í kvöld, og þeir vona heitt að lið þeirra standi sig vel, og þá allra helst að það vinni.

Því ber ekki að neita, að lið landsliðsnefndar er sterkt á pappírnum. En því ber heldur ekki að neita, að í liði pressunnar eru mörg nöfn sem jafna við landslið, og jafnvel nöfn sem mörgum finnst að eigi heima í landsliðinu nú þegar.

Má þar nefna þá Þorstein Björnsson og Ólaf Benediktsson í markinu, sem hafa sýnt jafnbæztu markvörzluna í undanförunum leikjum, Brynjólf Markusson, Vilberg Sigtryggsson, Sígús Guðmundsson, Víðar Simonarson, Jón Karlsson og jafnvel fyrirliðann Ingólf Óskarsson, sem hefur átt marga stórleiki í vetur. Það er ekki út í hött að nefna hann sem kandidat í landsliðið á nýjan leik.

Leikurinn í kvöld gefur öllum þessum mönnum gulllið tækifæri. Landsliðsnefnd HSt valdi lið

sitt fyrst, en það er þannig skipað: Hjalti Einarsson FH, Birgir Finnogason FH, Geir Hallsteinsson FH, Auðunn Óskarsson FH, Björgvin Björgvinsson Fram, Sigurbergur Sigsteinsson Fram, Axel Axelsson Fram, Gunnsteinn Skúlason Val, sem er fyrirliði, Agust Ógmundsson Val, Ólafur H. Jónsson Val, Einar Magnússon Víking og Guðjón Magnússon Víking, sem ekki hefur verið valinn í landsliðið áður.

Lið íþróttafréttamanna er þannig skipað: Ólafur Benediktsson Val, Þor-

steinn Björnsson Fram, Sígús Guðmundsson Víking, Víðar Simonarson FH, Brynjólfur Markússon IR, Páll Björgvinsson Víking, Vilberg Sigtryggsson Armanni, Jón Sigurðsson Víking, Ingólfur Óskarsson Fram, fyrirliði, Agust Svavarsson IR, Stefán Gunnarsson Val og Jón Karlsson Val.

Það er rétt að minna handknattleiksunnendur á, að láta ekki þennan leik fara fram hjá sér og mæta tímanlega í Laugardalshöllina í kvöld, því á undan leiknum fer fram leikur milli unglíngalíða.

# STAÐAN

Staðan í 1. deild er nú þessi:

FH	8 6 1 1 154-142 13
Valur	8 6 0 2 170-130 12
Víkingur	9 5 1 3 200-184 11
Fram	8 5 1 2 154-140 11
IR	8 5 0 3 161-145 10
Armanni	8 2 1 5 140-171 5
Haukar	8 1 1 6 133-152 3
KR	9 0 1 8 152-200 1

## — og þeir markahæstu

Markahæstu leikmenn eru þessir:

Einar Magnússon, Víkingi	60
Geir Hallsteinsson, FH	56
Brynjólfur Markússon, IR	47
Bergur Guðnason, Val	46
Ingólfur Óskarsson, Fram	46
Haukur Ottesen, KR	44
Ólafur Ólafsson, Haukum	40
Björn Pétursson, KR	39
Vilberg Sigtryggsson, A	39
Vilhj. Sigurðsson, IR	39
Guðjón Magnússon, Víkingi	33
Hörður Kristinsson, Armanni	32

## LEEDS VANN 5:0!

Eftir tvo jafnteflisteiki milli Leeds og Norwich í bikarkeppninni ensku, fengust löks úrslit í fyrrakvöld. Þá vann Leeds stórt, 5:0, og mætir Plymouth heima á laugardaginn í 4. umferð. Leeds lék nú í fyrsta sinn með fullt lið. Þá vann WBA lið Nottingham Forest 3:1, og mætir Swindon.

# FÁTT VIRÐIST ÆTLA AÐ STÖÐVA SIGURGÖNGU VALS Í 1. DEILD

Valur er aðeins einu stigi á eftir FH í 1. deild eftir sigurinn yfir Víking á mánudagskvöldið. Þótt kannski sé fullsnemmt að spá um úrslit mótsins, sýnist mér samt, að það verði FH og Valur, sem komi til með að berjast um hinn eftirsóttta Íslandsmeistarattítul. Leikur Vals og Víkings var skemmtilegur og vel leikinn af báðum liðum, en spennandi varð hann aldrei, þar sem sigur Vals lá í loftinu svo að segja allan tímann. Munandi þar mestu um, að Ólafur Benediktsson í marki Vals varði frábærlega vel, þar á meðal þrjú vitaköst frá Einar Magnússyni. Er greinilegt, að Ólafur ætli að halda sæti sínu sem landsliðsmarkvörður. Þegar Ólafur er í stuði og Valsvörnin sömuleiðis, er ekki að sökum að spyrja, og það fengu Víkingar að reyna á mánudagskvöldið. Jón Sigurðsson skoradi fyrsta

markið fyrir Víking, en Gunnsteinn jafnaði rétt á eftir. Guðjón Magnússon skoradi þá aftur fyrir Víking, en Ólafur Jónsson, sem var í strangri gæzlu allan leikinn, jafnaði fyrir Val, en Bergur Guðnason kom Val yfir með því að skora úr vitakosti. Þegar um 13 mín. voru liðnar var staðan jöfn, 4-4, en eftir það tóku Valsmenn forystuna og héldu henni til leiksloka, en í hálfleik var staðan 12 mörk gegn 9 fyrir Val.

Jón Karlsson skoradi fyrsta mark í síðari hálfleik, en þá komu tvö mörk Víkings og þeir áttu tækifæri á að minnka muninn niður í eitt mark, en Ólafur varði vitaköst frá Einar.

Eftir þetta var forysta Vals þetta 3-4 mörk, en mestur varð munurinn 5 mörk, 19-14 er 5 mín. voru eftir af leiknum og aftur rétt fyrir leikslok, en Ólafur Friðriks-

syni tókst að skora 17 mark Víkings á síðustu mínúttunni, þannig að lokastaðan varð 21-17 fyrir Val.

Bergur Guðnason var í essinu sínu í leiknum og skoradi alls 8 mörk, þar af þrjú úr vitaköstum. Ólafur Jónsson, Gunnsteinn Skúlason, Jón Karlsson og Gísli Blöndal skoruðu 3 mörk hver og

Agust Ógmundsson 1. Einar Magnússon skoradi flest mörk Víkings, eða 5, en hann er nú markahæstur í 1. deild með 60 mörk. Guðjón Magnússon skoradi 4 mörk, Ólafur Friðriksson 3, Viggó Jónsson 2, Stefán Halldórsson, Jón Sigurðsson og Sígús Guðmundsson 1 mark hver.

Hdan-

# TVÍSTRAST LIÐ ÍBV?

Nú ríkir heldur meiri bjart-sýni um framtíð byggðar í Vestmannaeyjum, þótt ljóst sé að allra næstu ár verði ekki búið nema að litlu leyti í Eyjunum. Af þeirri ástæðu hefur þeirri spurningu skotið upp, hvort þetta verði til þess að íbúar Vestmannaeyja tvístrist um allt land, og það með þeirra frækna knattspyrnulið.

„Það verður allt kapp lagt á

það að halda liðinu saman og senda það til keppni“, sagði einn framamáður í knattspyrnumálum þeirra Eyjanna er blaðið ræddi við hann í gær.

Af þessum orðum má ráða, að leikmenn liðs ÍBV muni halda sig á Stór-Reykjav.svæðinu og halda þar hópinn og senda fram lið, líklega undir merki ÍBV. Eins og fram hefur komið í

fréttum, hefur Vestmannaeyingum boðizt margvísleg aðstæða í Reykjavík. KRR hefur boðizt fram Melavöllinn, og einstök félag hafa boðizt fram aðstöðu, bæði á völlum sínum og í íþróttahúsum. Um næstu helgi verður væntanlega haldinn fundur með leikmönnum ÍBV, og gæti svo farið að æfingar hæfust upp úr helginni, enda stutt í meistarakeppni KSÍ.—SS

**SPÁ OG KARFA BÍÐA VEGNA ÞRENGSLA**  
Vegna mikilla þrengsla í blaðinu þessa vikuna, verður frásögn Péturs Kristjánssonar af leikjum helginna í körfuknattleik enn að bíða. Þá verður getraunaspá Helga Danielssonar einnig að bíða af sömu sökum, svo og töflur og staðan í Englandi.

**alþýðu  
blaðið**



**KÓPAVOGS APÓTEK**  
Opíð öll kvöld til kl. 7  
Laugardaga til kl. 2  
Sunnudaga milli kl. 1 og 3



**25050**  
SENDIBILASTÖÐIN HF

# BANNIÐ ER ÚR SÖGUNNI

Nú er talið næstum útilokað að sett verði innflutningsbann á íslenskar fiskafurðir í löndum Efnahagsbandalagsins, en krafa um slíkt hafði sem kunnugt er komið fram hjá fjórum sam- bandsríkjum Þýskalands.

Vestur-þýska stjórnin hefur haft beiðni þessa til athugunar, og meðal annars haft samband við

önnur meðlimalönd EBE um samstöðu í málinu. Undirtektir hafa verið dræmar t.d. hafa Belgía og Bretland neitað að taka þátt í slíkum aðgerðum.

Því er talið líklegast að þýska stjórnin svari beiðninni á þann hátt, að aðugi sé enginn á inn- flutningsbanni, og því sjái stjórnin ekki ástæðu til aðgerða.

Á meðan þessu hefur undið fram hafa íslensk skip landað aflla sinum í Þýskalandi eins og ekkert hafi í skorist. Vegna yfirvofandi verkfalls á íslensku togurinum um miðjan janúarmánuð, var lítið um landanir í Þýskalandi, því togararnir komu flestir til hafnar hér stuttu fyrir verkfall, svo þau gætu verið sem lengst að veiðum meðan verkfall stendur yfir. Það hefur reyndar komið fram í fréttum síðustu daga, að verið geti að verkfallinu verið frestað vegna atburðanna í Vest- mannaeyjum, en togara- verkfallið hefur nú staðið yfir í viku- tíma.

## FRÉTT- NÆMT

Ísland var eitt þriggja landa, sem ekki voru bóðuð til óformlegs fundar í bandaríska sendiráðinu í Vín í gærkvöld um það, hverjir skuli stjórna Vestur-NATO með fulltrúum Varsjárbandalagsins um gagnkvæma fækkun herja bandalaganna í Evrópu. Hin tvö ríkin voru Portúgal og Frakkland. Sjálfur fundurinn hefst í dag.

•••

Forsætisráðherra Breta, Edward Heath, var væntan- legur til Washington í gær- kvöld til viðræðna við Nixon um nýjar friðartillögur í deilunum fyrir botni Miðjarðarhafs. Talið er, að þeir muni einnig ræða nýtil- komið vopnahlé í Víetnam. Heath mun dvelja tvo daga í Bandaríkjunum. Hussein Jórdanikonungur er væntan- legur til Bandaríkjanna eftir viku og Golda Meir, forsætis- ráðherra Ísraels mun eiga fund með Nixon 1. marz n.k.

•••

Utanríkisráðherra Dana, K.B. Andersen hefur í samráði við f.v. utanríkisráðherra Dana, Poul Hartling, sent Nóbelsverðlaunanevnd norska Stórhingsins tillögu þess efnis, að forseti Júgóslavíu Josef Broz Tito hljóti friðarverðlaun Nóbels í ár. Meðal annarra kandidata má nefna Nixon Bandaríkjaforseta.

Jens Otto Krag hefur hlotið Robert Schumann verðlaunin fyrir störf sín í þágu evrópskar samvinnu.

### LOÐNU- VERÐIÐ KOMIÐ

Loðnuverð liggur nú fyrir. Verður það krónur 1,96 frá 1. janúar til 28. febrúar, en krónur 1,76 frá 1. marz til 15. maí. Frá þeim tíma eru loðnu- veiðar óheimilar.

Við verðákvörðun er reiknað með að verksmiðjur greiði 5 auru af hverju kíló loðnu í sérstakan sjóð, sem dreifa á fyrir flutning loðnu til hinna einstöku verksmiðja.

Verð á loðnu í beitu verður krónur 6,00 og verð á loðnu í frýstingu verður krónur 7,00.

## HÚSNÆÐIÐ OG VINNAN NÚMER EITT

### FLEIRI KOMAST Á STOKKS- EYRI

„Við getum bætt við töluverðu af fólki í vinnu, ef fiskast á ver- tíðinni og hægt verður að skipu- leggja Vestmannaeyjabátana þannig, að þeir leggi upp hér“, sagði Steingrímur Jónsson, hreppstjóri á Stokkseyri, þegar

Alþýðublaðið ræddi við hann í gær.

Sjálfir geta Stokkseyringar ekki fullnýtt fiskvinnusúhus sín með eigin bátafloata, og geta þeir því bæði tekið á móti meiri fiski og meira fólki. Vestmannaey- ingar hafa hins vegar ekki sótt fast að koma að Stokkseyri, en Steingrímur og oddvitinn bruguð við fyrsta gosdaginn og buðu Rauða krossinum að ráð- stafa fimm húsum utan við þorpið, sem ekki hefur verið búið í síðustu tvö til þrjú árin.

Fjórar fjölskyldur hafa þegar fengið þar inni, og von er á tveimur fjölskyldum í viðbót, en pláss er fyrir þrjár til fjórar fjölskyldur í viðbót auk 6-8 ein- staklinga.

### 100 Á SKAGA STRAX

Á Akranesi geta a.m.k. 100 Vestmannaeyingar fengið atvinnu nú þegar, samkvæmt könnun sem gerð var þar á vegum bæjarstjórnarinnar í gær.

Vinna liggur þar á lausu við fjöladörg stórf, og auk þess eru fjógur stórf frýstihús á staðnum, sem hvergi nær eru fullnýtt.

## „Vestmannaey er í Panamaskurðinum“

„Vestmannaey er líklega í Panamaskurðinum í dag“, sagði Þórunn Pálsdóttir í stuttu viðtali við Alþýðublaðið í gær, en Vestmannaey er skuttogari, sem Kristinn Pálsson og fleiri bræður hennar hafa keypt. Lagði hann á stað til Íslands á gamlársdag.

„Ég bý nú hér á fallegu heimili einhvers elsकुलेगs fólks, sem við höfum aldrei þekkt. Ég

er hér með 4 börn mín og tvö önnur mér áhgangandi. Maðurinn minn, Grétar Þorgils- son, er úti í Eyjum, til að reyna að ná bátum sínum, Gylfanum, ur slippnum, og vonandi tekst það í kvöld eða nótt, því að þá verður stórstreymi“, sagði Þórunn.

Einar Viðar, lögfræðingur, og kona hans, þurftu að fara erlendis með veikt barn sitt, og

afhentu Rauða krossinum hús- lykklana, svo að hægt væri að skipta húsi yfir fólk úr Vest- mannaeyjum.

„Ég vona bara, að allt gangi vel hjá þessu elsकुलेगs fólki, og að ég geti skilað heimilinu, eins og ég tók við því. Annars hljótum við að eiga eftir að fara heim aftur“, sagði Þórunn að lokum.



### ÞÁ ER RÖÐIN KOMIN AÐ BLAÐINU

„Gæti ég fengið blaðið sent á nýja heimilisfangið mitt“, sagði Stefán Arnason, þegar hann leit við á afgreiðslu Alþýðublaðsins í gær.

Hann bjó áður að Kirkjuvegi 31 í Vestmannaeyjum, en er nú hjá syni sínum í Stigahlíð 2 í Reykjavík.

Askrifendur blaðsins sakna þess að fá það ekki heim. Er Vestmannaeyingum velkomið að tilkynna ný heimilisfang á afgreiðsluna, í Alþýðuhúsinu, ef þeir hafa ekki náð sambandi við Eggert Sigurlasson, afgreiðslu- mann Alþýðublaðsins í Vest- mannaeyjum, í gegnum upp- lýsingamiðstöðina í Hafnarbúð- um.



# HÚSNÆÐISMÁLIÐ: „HLJÓÐIÐ Í BANDARÍKJAMÖNNUM GOTT“

„Við hjá varnamáladeild mun- um gera allt, sem í okkar valdi stendur til að greiða fyrir því, að Ameríkumenn rými húsnæði utan flugvallarsvæðisins, sem þeir geta með góðu móti gert, án þess að skapa vandamál hjá varna- löðinu“, sagði Páll Asgeir

Tryggvason, deildarstjóri í varnamáladeild utanríkisráðu- neytisins í samtali við Alþýðu- blaðið í gær.

„Við ætlum að reyna að finna allar þær leiðir í þessu efni, sem talizt geta skynsamlegar, og eins og stendur eru ekki gefin út ný

leyfi fyrir búsetu varnarliðs- manna utan flugvallarsvæðisins og má gera ráð fyrir, að 5-6 íbúðir, sem varnarliðsmenn hafa á leigu á Suðurnesjasvæðinu geti losnað í viku hverri“, sagði Páll Asgeir ennfremur.

Varnarmálanefnd hélt fund í

gærmorgun og var þar m.a. fjallað um tilmæli bæjarstjórnar Keflavíkur til nefndarinnar um, að hún hlutist til um, að varna- liðsmenn nými húsnæði í Keflavík og annars staðar utan Kefla- víkurflugvallar eftir því sem tók Framhald á bls. 4